

**Nd.**

## **811. Frumvarp til laga**

um lántöku til hafnarframkvæmda.

Flm.: Pétur Ottesen, Lúðvík Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jóhann Jósefsson.

### **1. gr.**

Ríkisstjórnin tekur allt að 20 millj. króna lán. Fé þessu skal varið til þess að veita sveitar- og bæjarstjórnunum lán til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. Enn fremur má ríkisstjórnin verja hluta af lánum til landshafnar.

### **2. gr.**

Vextir af lánum þeim, sem veitt eru samkv. 1. gr., skulu eigi vera hærri en  $2\frac{1}{2}\%$  á ári. Að öðru leyti setur stjórnin reglur um lánskjör og annað, er þurfa þykir til framkvæmdar lögum þessum.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Það orkar ekki tvímælis, að fyrir hendi er brýn og aðkallandi þörf á því, að nú þegar sé hafist handa um stórtækur aðgerðir í hafna- og lendingabótum. Hinum stóraukna og endurbætta fiskiskipaflota verður óhjákvæmilega að búa viðhlítandi öryggisskilyrði í höfnum verstöðvanna; að öðrum kosti er hinum stórstigu framkvæmdum þjóðarinnar á þessu sviði tefti i tvísýnu. Skjótar og stórfelldar framkvæmdir í hafnabótum á vegum sveitar- og bæjarfélaga verður eigi komið í verk öðru viði en með lántökum. Veltur því mikið á því um þessar framkvæmdir, að takast megi að afla til þeirra ódýrra lána. Með frv. þessu er að því stefnt og hafðar til hliðsjónar aðgerðir þess opinbera varðandi aðra hliðstæða þætti á sviði útgerðarmála.